

SAMPYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins
Hrunamannahrepps nr. 580/2013 með síðari breytingum.

1. gr.

- Eftirfarandi breyting verður á 40. gr. samþykktarinnar.
- a) Eftirfarandi breytingar verða á liðnum „*Stjórnir og samstarfsnefndir*“:
- 1.-4. mgr. breytast og verða 1.-6. mgr. svohljóðandi:
Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs. Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur reka byggðasamlag um sameiginlega skóla- og velferðarþjónustu í sveitarfélögum skv. sérstökum samþykktum.
- Sveitarstjórn Hrunamannahrepps kýs einn fulltrúa og annan til vara til setu í stjórn byggðasamlagsins (NOS (nefnd oddvita/sveitarstjóra)).
- Fulltrúi Hrunamannahrepps í stjórn NOS hefur umboð til að taka þátt í skipun í sjö manna sameiginlega skólaþjónustu- og velferðarnefnd á starfssvæði skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samþykktta byggðasamlagsins og á grundvelli 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, 21. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skóla- og velferðarþjónustusvæðið heitir Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings og nefndin skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings.
- Fulltrúar í skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings eru sjö auk jafnmargra varamanna og koma þeir úr Sveitarfélagini Ölfusi, Hveragerðisbæ, Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi og Flóahreppi.
- Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings fer með stjórn sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 og málefni fatlaðs fólks skv. lögum nr. 59/1992. Þá skipar nefndin fulltrúa í þjónustuhóp um málefni aldraða skv. 7. gr. laga nr. 125/1999 sem verður fulltrúi allra sveitarfélaganna sem að nefndinni standa, fer með áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.
- Framsals- og valdheimildir til skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, stjórnar byggðasamlagsins og forstöðumanns byggðasamlagsins fara eftir ákvæðum samþykktta byggðasamlagsins, erindisbréfum og starfslýsingum.
- b) 5. mgr. breytist og verður 7. mgr. svohljóðandi og breytast númer annarra málsgreina í samræmi við það:
- Bergrisinn bs.* Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárreppur reka byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi skv. sérstökum samþykktum. Sveitarfélöginn mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustusvæði. Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. NOS skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins og annan til vara. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Nr. 149

4. febrúar 2016

2. gr.
Gildistaka.

Samþykkt þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps er sett skv. 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 4. febrúar 2016.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. febrúar 2016